

Erindisbréf menntaráðs Kópavogs

I. Kafli

Skipan og umboð

1. gr.

Menntaráð Kópavogs er kosið af bæjarstjórn Kópavogs, á fyrsta eða öðrum fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum og fer, í umboði bæjarstjórnar, með málefni grunnskólanna samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, og málefni Skólahljómsveitar Kópavogs, Tónsala og Tónlistarskóla Kópavogs, eins og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

Ráðið fer einnig með forvarna- og frístundamál samkvæmt áfengislögum, nr. 75/1998, lögum um tóbaksvarnir nr. 6/2002, lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, barnaverndarlögum, nr. 80/2002, lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, lögum um félagsheimili, nr. 107/1970, og æskulýðslögum nr. 70/2007.

2. gr.

Menntaráð Kópavogs er skipað sjö fulltrúum ásamt áheyrnarfulltrúum í samræmi við 43. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 774/2013, m.s.br. (bæjarmálasamþykkt), og jafn mörgum til vara. Ráðið er kosið til eins árs í senn á fundi bæjarstjórnar í júní. Bæjarstjórn kys formann og varaformann.

Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í bæjarfélaginu kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum menntaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

II. Kafli

Fundir og starfshættir

3. gr.

Deildarstjóri grunnskóladeildar er starfsmaður ráðsins. Hann undirbýr og boðar fundi ráðsins í samráði við formann. Hann ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum ráðsins sé hrint í framkvæmd. Sviðsstjóri menntasviðs situr fundi ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Ráðsmanni er skylt að sækja alla fundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýn skyldustörf eða veikindi. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað.

Formaður ráðs ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli ráða og nefnda bæjarfélagsins. Halda skal a.m.k. tvo samráðsfundi með ráðum og nefndum sviðsins árlega.

Fjöldi funda menntaráðs er ákvarðaður við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert. Formanni ráðsins er heimilt að taka ákvörðun um að fella niður fund ef hún byggir á málefnalegum ástæðum.

5. gr.

Til fundar telst löglega boðað hafi allir atkvæðisbærir ráðsmenn eða varamenn í forföllum aðalmanna svo og aðrir sem seturétt eiga á fundinum, verið boðaðir með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara með skriflegri dagskrá.

Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar ráðsins getur fyrirvari um boðun verið skemmri.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá en tilkynna skal það í upphafi fundar. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

Ráðsfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur atkvæðisbærra ráðsmanna er mættur á fundinn. Ráðið getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

6. gr.

Um fundarsköp og málsmeðferð í menntaráði fer eftir því sem við á samkvæmt III. kafla bæjarmálasamþykktar.

Formaður ráðsins stýrir fundum ráðsins.

Fundir ráðsins skulu jafnan haldnir fyrir luktum dyrum. Ráðið getur boðað á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins sem og aðra til viðræðna um einstaka mál.

Ráðsmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi ráðsins og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þó látið sé af þessum störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Menntaráð skal á fundum sínum taka fyrir þau erindi sem berast, fjalla um þau og gera tillögur um afgreiðslu þeirra til bæjarstjórnar nema bæjarstjórn hafi falið ráðinu fullnaðarafgreiðslu málsins. Á fundum er mál afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa því frá eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða sviðsstjóra menntasviðs.

Menntaráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

Menntaráð getur vísað málum til umsagnar annarra nefnda, ráða, embættismanna, eða annarra aðila.

Ráðsmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í ráðinu.

7. gr.

Ráðið skal halda gerðabók og ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Um ritun fundargerðar gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. bæjarmálasamþykktar.

8. gr.

Menntaráð skal við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir gæta þess að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

III. Kafli

Hlutverk og markmið

9. gr.

Menntaráð skal, í samráði við aðrar nefndir menntasviðs, móta heildarstefnu í málefnum grunnskóla, leikskóla, frístunda og íþróttar fyrir kjörtímabilið og hefst stefnumótunarvinnu strax að afloknu kjöri í ráðið. Í stefnu skal sett fram hugmyndafræði um framangreind málefni, framtíðarsýn, gildi og markmið. Þá skal ráðið setja upp aðgerðaráætlun og mælikvarða til að fylgja stefnunni eftir.

Menntaráð skal hafa eftirlit með að stefnu málaflökknum sé fylgt. Ráðið skal fara reglulega yfir stöðu innleiðingar stefnunnar með hliðsjón af markmiðum og mælikvörðum hennar. Niðurstöður stöðumats skulu kynntar fyrir bæjarráði.

Menntaráð skal endurskoða stefnur sem settar hafa verið fyrir einstaka verkefni eða svið innan málaflökksins og hefst endurskoðunin strax að afloknu kjöri í ráðið.

Ráðsmenn skulu taka virkan þátt í stefnumótunarvinnu.

Eigi síðar en sex mánuðum eftir kjör menntaráðs skal ráðið hafa yfirlit stefnur málaflökksins, greint hvaða breytinga er þörf og leggja fyrir bæjarstjórn tímasetta áætlun um endurskoðun og mótun heildarstefnu. Heildarstefna og endurskoðaðar stefnur skulu lagðar fyrir bæjarstjórn svo fljótt sem unnt er.

10. gr.

Hlutverk og verkefni ráðsins eru m.a. að:

1. Sjá til þess að öll skólaskyld börn sem skólavist eiga í Kópavogi njóti lögboðinnar fræðslu og að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.
2. Staðfesta starfsáætlun, að undanskildu skóladagatali, og skólanámskrá hvers skóla og gera tillögur um umbætur.
3. Fylgjast með framkvæmd frístunda, náms og kennslu í bæjarfélaginu, að stefnumörkun sveitarstjórnar sé fylgt eftir og gera tillögur um umbætur.
4. Fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.
5. Sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og starfsemi frístundastofnana svo og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda.
6. Hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur um úrbætur.
7. Stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.
8. Hafa eftirlit með gæslu sem veitt er eftir skólatíma fyrir 1. - 4. bekk.
9. Sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008.
10. Láta mennta- og menningarmálaráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélags, framgang skólastefnu og áætlanir um umbætur, sbr. 1. mgr. 37. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008.
11. Fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi, sbr. 2. mgr. 37. gr. grunnskólalaga, nr. 91/2008.
12. Stuðla að því að ávallt liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um forvarna- og frístundamál þannig að veita megi íbúum upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er á vegum bæjarfélagsins og annarra aðila.

13. Taka þátt í mótun áætlunar um forvarnamál og stuðla að því að sjónarmið forvarna og fyrirbyggjandi aðgerða, í víðtækum skilningi, séu fléttuð í alla stefnumótun og aðgerðir á vegum bæjarins.
14. Eiga aðild að og hafa frumkvæði að gerð skoðana-/viðhorfskannana um stöðu sveitarfélagsins á sviði skóla- og forvarnamála og upplýsa um þær
15. Móta og viðhalda reglum um veitingu forvarnarstyrkja bæjarins og fylgja því eftir að þeir nýtist samkvæmt yfirlýstum markmiðum.
16. Gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði menntamála.

11. gr.

Menntaráði er heimilt að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar mál á verksviði þess ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því, þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun og þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

12. gr.

Sviðsstjóri menntasviðs, eða starfsmenn menntasviðs í hans umboði, afgreiða án staðfestingar menntaráðs, eftirfarandi:

1. Tillögur um úthlutanir styrkja vegna tónlistarnáms utan sveitarfélags í samræmi við lög og reglur þar um.
2. Skóladagatal fyrir grunnskóla, þ.á.m. skólabyrjunardag, vetrarfrí og skipulagsdaga.
3. Beiðnir um að leggja kannanir fyrir nemendur.
4. Umsóknir um námsstyrk/kennsluafslátt.

Beiðni um endurupptöku á ákvörðunum í ofangreindum málum skal beint til menntaráðs.

Sviðsstjóri eða starfsmenn í hans umboði geta ávallt óskað eftir því að menntaráð taki ákvörðun í máli.

Menntaráð skal upplýst reglulega um mál sem starfsmenn afgreiða í umboði ráðsins.

13. gr.

Fundargerðir leikskólanefndar og íþróttaráðs skulu lagðar fram til kynningar á fundum menntaráðs.

Fundargerðir menntaráðs skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.

Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir enda sé í fundargerð ráðsins skilmerkilega gerð grein fyrir þeirri fyrirætlan með tillögu til bæjarstjórnar þar að lútandi. Ef mál varðar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarins umfram fjárhagsáætlun skal ráðið vísa tillögu sinni til bæjarráðs.

14. gr.

Menntaráð vinnur að markmiðum sínum með stefnumótandi samþykktum og ákvörðunum sem taka mið af samþykktri stefnu menntaráðs og bæjarstjórnar í málefnum varðandi menntamál.

IV. Kafli

Hæfi og skyldur ráðsmanna

15. gr.

Menntaráð skal í allri sinni ákvarðanatöku hafa hagsmuni allra íbúa að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í ráðinu að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra.

Ráðsmenn sem sitja í stjórnnum í einkareknum eða opinberum félögum, sem gætu átt hagsmuna að gæta vegna beinna eða óbeinna viðskipta við sveitarfélagið, skulu upplýsa um það. Að öðru leyti vísast til samþykktar bæjarstjórnar frá 27. janúar 2015, um siðareglur kjörinna bæjarfulltrúa hjá Kópavogsbæ.

Ráðsmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náð skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilvikum víkja af fundi. Um hæfi ráðsmanna og starfsmanna menntaráðs vísast til 17. gr. bæjarmálasamþykktar.

16. gr.

Menntaráð hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir ábyrgðar- og eftirlitssvið ráðsins. Engu að síður skal ráðinu gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu sviðsins reglulega. Ráðið hefur ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana né starfsfólki menntasviðs. Ráðsmenn koma ekki að ráðningum, sbr. þó 50. og 51. gr. bæjarmálasamþykktar.

Rekstur stofnana og starfsmannamál er á ábyrgð sviðsstjóra menntasviðs og viðkomandi deildarstjóra. Forstöðumenn stofnana eru ábyrgir fyrir rekstri og starfsemi sinnar stofnunar og ábyrgir gagnvart sínum næsta yfirmanni.

Menntaráð kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum.

V. Kafli

Gildistaka

17. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, stjórnarsýslulögum, nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar, nr. 774/2013, m.s.br.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs og tekur gildi 25. október 2016.